

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

872. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. júní 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **1505030 Fasteignafélagið Borg ehf.** Lögð fram til kynningar skýrsla stjórnar, fundargerðir og ársreikningur 2014.
2. **1505031 Erindi frá SSNV dags 21.05. sl. Samráðsvettvangur Sónarátunnar Norðurlands vestra 2015-2019.** Á fundi stjórnar SSNV þann 13. maí sl. var samþykkt að fela sveitarstjórnnum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra að tilnefna 32 fulltrúa í samráðsvettvang. Húnaþing vestra skal tilnefna 7 fulltrúa og 7 til vara. Byggðarráð sendir lista yfir fulltrúa til SSNV fyrir 5. júní og verður listinn lagður fram til kynningar á næsta fundi byggðarráðs.
3. **1504042 og 1506001, Skólaakstur, útboð. Leið 7 Vatnsnes,** sem frestað var á síðasta fundi byggðarráðs. Borist hefur bréf frá Húnavirki ehf dags 30. maí sl, þar sem gerð er athugasemd við útboðsgögn. Í áliti lögfræðings sveitarfélagsins um málið kemur fram að Húnavirki ehf. óskaði ekki eftir skýringum á fyrirspurnartíma og gerir engan fyrirvara í tilboði sínu. Bifreið sem tilgreind er í tilboðinu er 13 manna. Byggt á áliti lögfræðings sveitarfélagsins staðfestir Byggðarráð fyrri ákvörðun sína frá 870. fundi um að taka lögstu tilboðum, sem er í leið 7 frá Ágústi Þorbjörnssyni kr. 179 pr. km.
4. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 13. maí sl.**
5. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Hafnasambandsins frá 22. maí sl.**

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. **1505025 Erindi frá Björgunarsveitinni Húnum dags. 25. maí sl.** Til að forðast óþarfa útköll óskar björgunarsveitin eftir að sveitarstjórn láti loka heiðarvegum sem eru á forræði sveitarfélagsins, þar til þeir eru sannanlega orðnir færir þeim sem þar fara um. Byggðarráð samþykkir að senda formönnum fjallskiladeilda erindið.
7. **Forstöðumaður safna.** Byggðarráð samþykkir tillögu um nýtt starf forstöðumanns safna í Húnaþingi vestra. Forstöðumaður ber ábyrgð á starfsemi safna sveitarfélagsins s.s. Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna, héraðsbókasafni og héraðsskjalasafni.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:16

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðrún Ragnarsdóttir